

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir gistihúsabyggð að Nolli í Grýtubakkahreppi.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti þann 7. júlí 2008 deiliskipulag fyrir gistihúsabyggð að Nolli í Grýtubakkahreppi.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir fjögur 140 m² gistihús og eitt 200 m² móttökuhús. Hámarkshæð húsa er 4 m og gert ráð fyrir að þau verði tengd saman með tengigangi.

Byggingarreitur fyrir gistihús og móttökuhús er í innan við 100 m fjarlægð frá Þjóðvegi 83 sem er tengivegur. Fyrir liggur undanþága umhverfisráðuneytisins, dags. 28. apríl 2008, frá gr. 4.16.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Tillagan er sett fram á uppdráttum, dags. 10. apríl 2008, í mælikvarðanum 1:500 og 1:1000 og eru greinargerð og skipulagsskilmálar í sér hefti.

Deiliskipulagið var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 22. maí 2008 til og með 19. júní 2008. Engar athugasemdir bárust. Sveitarstjórn samþykkti deiliskipulagið óbreytt, sbr. ofangreinda skilmála og hefur deiliskipulagið verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar. Þeir sem óska frekari upplýsinga geta snúið sér til sveitarstjóra Grýtubakkahrepps.

Grýtubakkahreppi, 12. ágúst 2008.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. ágúst 2008